

Hannes Páll Pálsson  
Grettisgata 41  
101 Reykjavík

Reykjavík 21. júní 2019  
UST201905-255/H.G.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til samkomuhalds - Djúpalónssandur**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Hannesar Páls Pálssonar, dagsett 21. maí 2019, um samkomuhald, innan Djúpalónssands.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er friðlýstur sbr. reglugerð nr. 568/2001. Hvers konar atvinnustarfsemi og samkomuhald er óheimil í þjóðgarðinum, nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar.

#### **Lýsing samkomuhaldsins:**

Til stendur að halda brúðkaup á útsýnispalli við Djúpalónssand þann 6. júlí 2019. Gestirnir munu standa eða sitja á grasinu við útsýnispallinn á meðan athöfn fer fram. Gert er ráð fyrir að athöfnin muni standa yfir í 20-30 mínútur og eru gestirnir 50-55 talsins. Svæðið verður ekki notað ef það er of blautt og viðkvæmt.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur að umræddur viðburður muni hafa óveruleg áhrif á verndargildi svæðisins. Hægt er að draga úr neikvæðum áhrifum með því að biðja gesti um að halda sér í grasbalanum austan við útsýnispallinn og biðja þá vinsamlegast um að fara ekki í brekkuna vestan við pallinn. Útsýnispallurinn þar sem giftingin fer fram verður lokaður öðrum gestum meðan að athöfnin stendur yfir. Að mati stofnunarinnar mun viðburðurinn, til skamms tíma, hafa neikvæð áhrif á upplifun annara gesta svæðisins. Til þess að draga úr áhrifum er lagt til að umsækjandi biðji eigin gesti um að leggja í stæði ofan við vegamót að Djúpalóni ef bifreiðar eru margir, þar sem að bílastæðið við Djúpalón er lítið og fyllist fljótt.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyfi fyrir samkomuhaldi á Djúpalónssandi sbr. lýsingu hér að ofan dags. 6. júlí 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær farið verður um svæðið með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga að verkefni loknu.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokað svæði.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Óheimilt er að trufla dýralif.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægt.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir  
sviðsstjóri

Jón Björnsson  
þjóðgarðsvörður